

## REGLUGERÐ

um (19.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/1988.

### 1. gr.

Í viðauka 4 skal bæta við eftirfarandi ákvæði um áletrun lyfja, sem innihalda Loperamidum við fyrri texta undir fyrirsögninni *varúð*:

„Þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að taka lyfið nema í samráði við lækni.“

### 2. gr.

Eftirfarandi skal bætt við viðauka 4 við reglugerðina:

Efni	Hámarks­magn og/eða takmarkanir	Dæmi um lyf og lyfjaform, er selja má án lyfseðils	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu.
Cimetidinum	Lyfjaform í afmældum skömmtum. Einstakur skammtur mest 200 mg. Mest 50 stk. handa einstaklingi.	CÍMETIDÍN, töflur.	Lyf við maga- og skeifugarnarsári og fyrirbyggjandi gegn slíkum sárum. <i>Skammtar handa fullorðnum:</i> 4 töflur fyrir svefn eða 2 töflur tvisvar á dag. Meðferð skal standa í a.m.k. 4 vikur, þótt einkenni hverfi fyrr. <i>Fyrirbyggjandi meðferð:</i> 2 töflur fyrir svefn. Lyfið er ekki ætlað börnum. <i>Varúð:</i> Barnshafandi konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota lyfið nema að læknisráði.
Famotidinum	Lyfjaform í afmældum skömmtum. Einstakur skammtur mest 20 mg. Mest 30 stk. handa einstaklingi.	FAMEX, töflur.	Lyf við maga- og skeifugarnarsári og fyrirbyggjandi gegn slíkum sárum. <i>Skammtar handa fullorðnum:</i> 1 tafla tvisvar á dag eða 2 töflur fyrir svefn. <i>Fyrirbyggjandi meðferð:</i> Ein tafla fyrir svefn. Lyfið er ekki ætlað börnum. <i>Varúð:</i> Barnshafandi konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota lyfið nema að læknisráði.

Ranitidinum	Lyfjaform í afmældum skömmtum. Einstakur skammtur mest 150 mg. Mest 50 stk. handa einstaklingi.	ASÝRAN, töflur, GASTRAN, töflur, RANEX, töflur.	Lyf við maga- og skeifugamarsári og fyrirbyggjandi gegn slíkum sárum. <i>Skammtar handa fullorðnum:</i> 2 töflur fyrir svefn eða 1 tafla tvisvar á dag. Meðferð skal standa í a.m.k. 4 vikur, þótt einkenni hverfi fyrir. <i>Fyrirbyggjandi meðferð:</i> 1 tafla fyrir svefn. Lyfið er ekki ætlað börnum. <i>Varúð:</i> Barnshafandi konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota lyfið nema að læknisráði.
Sucralfatam	Lyfjaform í afmældum skömmtum. Einstakur skammtur mest 1 g.	MÚKAL, töflur 500 mg.	Lyf við maga- og skeifugamarsári og fyrirbyggjandi gegn slíkum sárum. <i>Skammtar handa fullorðnum:</i> 4 töflur á morgnana og fyrir svefn eða 2 töflur 3-4 sinnum á dag, 1 klst. fyrir mat og fyrir svefn. Meðferð skal standa í 4-6 vikur. <i>Fyrirbyggjandi meðferð:</i> 2 töflur tvisvar á dag. <i>Athugið:</i> Ef sýrubindandi lyf eru einnig notuð, verður að taka þau inn minnst 1/2 klst. fyrir eða eftir töku þessa lyfs. <i>Varúð:</i> Sjúklingar með nýrnabilun eiga ekki að nota lyfið. Lyf við maga- og skeifugamarsári og fyrirbyggjandi gegn slíkum sárum. <i>Skammtar handa fullorðnum:</i> 2 töflur á morgnana og fyrir svefn eða 1 tafla 3-4 sinnum á dag, 1 klst. fyrir mat og fyrir svefn. Meðferð skal standa í 4-6 vikur. <i>Fyrirbyggjandi meðferð:</i> 1 tafla tvisvar á dag. <i>Athugið:</i> Ef sýrubindandi lyf eru einnig notuð, verður að taka þau inn minnst 1/2 klst. fyrir eða eftir töku þessa lyfs. <i>Varúð:</i> Sjúklingar með nýrnabilun eiga ekki að nota lyfið.
		ANTEPSIN, töflur 1 g, MÚKAL, töflur.	

Mixtúrus	ANTEPSIN, mixtúra 200 mg/ml	Lyf gegn maga- og skeifugarnarsári og fyrirbyggjandi gegn slíkum sárum. <i>Skammtar handa fullorðnum:</i> 10 ml (= 2 g) á morgnana og fyrir svefn eða 5 ml (=1 g) 3-4 sinnum á dag, 1 klst. fyrir mat og fyrir svefn. Meðferð skal standa í 4-6 vikur. <i>Fyrirbyggjandi meðferð:</i> 5 ml (=1 g) tvisvar á dag. <i>Athugið:</i> Ef sýrubindandi lyf eru einnig notuð, verður að taka þau inn minnst 1/2 klst. fyrir eða eftir töku þessa lyfs. Lyfið er ekki ætlað börnum. <i>Varúð:</i> Sjúklingar með nýrnabilun eiga ekki að nota lyfið.
----------	-----------------------------------	--

Terbina- finum	Lyfjaform til útvortis notkunar. Ekki yfir 10 mg/g (1%). Mest 15 g (=150 mg virkt efni) handa einstaklingi.	LAMISIL, krem.	Samkvæmt ákvörðun ráðuneytis við skráningu lyfsins.
-------------------	---	-------------------	---

## 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. og 17. gr. lyfjalaga nr. 108/1984, öðlast gildi 1. júlí 1994.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. júní 1994.*

F. h. r.  
Páll Sigurðsson.

*Einar Magnússon.*

## AUGLÝSING

um umferð í Ólafsfirði.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Ólafsfjarðar, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Ólafsfirði: